



**bogfimisamband
íslands**

AFREKSSTEFNA BFSÍ 2020-2022



Inngangur

Á árinu 2019 eru 10 íþróttafélög í 9 héraðssamböndum með tæplega 700 skráða iðkendur sem iðka bogfimi innan BFSÍ og mörg hundruð utan BFSÍ.

Í bogfimi er keppt í mörgum íþróttagreinum og eru því nokkur Evrópu- og heimsmeistaramót á ári í bogfimi.

Markbogfimi er stærsta íþróttagreinin innan heimssambandsins og þegar talað er um bogfimi er oftast átt við markbogfimi. Markbogfimi skiptist í 2 greinar innandyrna og utandyra. Keppt er í 2 bogaflokkum, trissuboga og sveigboga. Mikilvægustu mót í markbogfimi eru flest utandyra og keppt er í markbogfimi á Ólympíuleikum og Evrópuleikum.

Næst stærsta íþróttagreinin er víðavangsbogfimi. Í víðavangsbogfimi er keppt í 3 bogaflokkum, berboga, sveigboga og trissuboga. Einnig er keppt í víðavangsbogfimi á heimsleikum.

Aðrar greinar innan bogfimi er meðal annars 3D-, hlaupa-, skíða-, clout-, hesta-, japanskri- og vegalengdabogfimi. En þær íþróttagreinar eru flestar minni og koma ekki að afreksstefnu BFSÍ að svo stöddu.

Bogfimi hefur verið stunduð í einu eða öðru formi í tugi þúsundir ára og hefur verið stunduð á Íslandi allt frá landnámi. Ördrag eða örskotshelgi voru meðal annars notaðar sem mælieiningar í fyrstu lögum og lagabókum Íslands fyrir um 1.000 árum.

Á Ólympíuleikum var fyrst keppt í bogfimi í annað sinn sem leikarnir voru haldnir árið 1900. En bogfimi var tekin út af leikunum árið 1920 sökum þess að keppnisreglur um bogfimi voru ekki samræmdar milli þjóða. Fyrstu íþróttafélögin á Íslandi byrjuðu að stunda bogfimi í núverandi formi íþróttarinnar stuttu eftir að bogfimi var tekin aftur inn á Ólympíuleikana árið 1972. 2020 er bogfimi ein af kjarnagreinum Ólympíuleikana.

Megin vöxtur og útbreiðsla bogfimi sem keppnisíþróttargrein á Íslandi hófst um 2013 með opnun sérhæfðrar bogfimiaðstöðu sem opin var almenningi. Þá varð íþróttin mun aðgengilegri og sprenging varð í iðkendafjölda.

Íslandsmót utandyra og innandyra eru haldin árlega. Mótunum er aldursskipt og er aldur keppenda frá 10 til 80 ára.

Ísland keppir reglulega á alþjóðlegum mótum og hefur komist í úrslit á HM og EM, ásamt því að vinna reglulega til verðlauna á minni mótum.

Gerð, stjórnun og framkvæmd stefnunnar

Afrestefnan er skrifuð af íþróttastjóra í samstarfi við stjórn BFSÍ.

Gildistími stefnunnar er 2020-2022.

Stefnan er samþykkt á bogfimiþingum og er til umræðu á formannafundum.

Hlutverk stjórnar BFSÍ

- Sjá um fjármögnun afreststefnunnar.
- Styðja við íþróttastjóra í sínum störfum.
- Styðja við félag í uppbyggingu, útbreiðslu, fjölgun iðkenda, þjálfara og dómara.
- Bæta samskipti við aðildafélög og kynna fyrir þeim afreststefnu BFSÍ.

Hlutverk íþróttastjóra (hefur störf seinni part 2020)

- Sér um erlent og innlent afreststarf og skipulag fyrir BFSÍ.
- Sér um innlent mótaskipulag.
- Skipuleggur þjálfun hópa.
- Æskilegt er að Íþróttastjóri hafi að lágmarki:
 - BFSÍ stig 3 þjálfunarréttindi
 - Landsdómararéttindi stig 2
 - Ítarlega þekkingu á íþróttinni

Hlutverk þjálfara sem koma að hæfileikamótun BFSÍ (talent development)

- Skipuleggja þjálfun einstaklinga í hæfileikamótun sem þeir hafa umsjón með.
- Undirbúa þá einstaklinga fyrir minni C landsliðsverkefni.
- Auka getu þeirra í formi, tækni, búnaði og þekkingu.
- Æskilegt er að þjálfarar hæfileikamótunar hafi að lágmarki:
 - BFSÍ stig 2 þjálfunarréttindi

Hlutverk íþróttafélaga í afreststefnu.

- Kynna afreststefnuna fyrir sínum félagsmönnum.
- Styðja við afrestfólkið sitt fjárhagslega í landsliðsverkefnum.
- Fjölga iðkendum og þjálfurum á sínum svæðum.
- Lyfta fleiri keppendum upp á stig þar sem hæfileikamótun BFSÍ tekur við. (þátttaka á Íslandsmótum)
- Þjálfarar félaga taka þátt í minni C landsliðsverkefnum ungmenna.

Þjálfarar og dómara

Staða - þjálfarar og dómara

Í þjálfun og dómgæslu fer BFSÍ eftir viðmiðum heimssambandsins WA.

2019 er 1 alþjóðlegur dómari á Íslandi.

2019 eru fáir virkir þjálfarar á landinu, þeir hafa flestir litla reynslu og því er nauðsynlegt að taka á því sem fyrst. Án umbóta þar verður minna til af afreksefnum og afreksfólki og því afreksstefnan ástæðulaus.

Hægt er að finna uppfærðan lista yfir dómara og þjálfara og fjölda þeirra á vefsíðu sambandsins.

Staða þjálfara sem koma að afreksstarfi er metin á 4 ára fresti af fulltrúum BFSÍ. Alþjóðlegir dómara þarfnast endurmenntunar á 4 ára fresti.

Markmið - þjálfarar og dómara

- 2020 Hefja samstarf við Slóveníu um menntun og reynslu efnilegra dómara
- 2021 Senda 1 á heimsálfu dómara námskeið
- 2023 Endurmenntun núverandi heimsálfudómara

Heilbrigðisteymi

Staða - Heilbrigðisteymi

2019 og fyrr var ekki virkt reglulegt heilbrigðisteymi innan BFSÍ. Kallað var til einstakra sérfræðinga til að halda stutta fyrirlestra fyrir iðkendur og afreksfólk um næringu og íþróttasálfræði en ekkert reglulegt skipulag var á því.

Markmið - Heilbrigðisteymi

2020 Fá sérfræðinga úr ýmsum sviðum til að halda reglubundna fyrirlestra/kynningar fyrir afrekshópa.

2021 Taka á gögnum og reynslu frá 2020 og virkja heilbrigðisteymi eftir þörfum íþróttafólksins. Halda áfram að halda fyrirlestra/kynningar fyrir afreksfólk/afreksefni sem undirstöðu að minnsta kosti einu sinni á ári.

Aðstaða

Staða - aðstöðu

BFSÍ reynir að nota bestu bogfimiaðstöður sem eru fyrir hendi fyrir afreksstarf sambandsins. Meirihluti afreksstarfs BFSÍ mun fara fram í aðstöðum sem eru á höfuðborgarsvæðinu eða í nánd við það.

Hægt er að stunda bogfimi í flestum íþróttasölum landsins innandyrá og á flestum íþróttavöllum utandyra. Því ættu ekki að vera mikil vandkvæði við aðstöðumál fyrir núverandi og ný íþróttafélög tengt svæðum um allt land.

Þarfir

BFSÍ vantar varanlega utandyra aðstöðu sem hægt er að æfa á lengri vegalengdum yfir meirihluta ársins. Þær vegalengdir skipta BFSÍ miklu máli gagnvart utandyramótum sem eru mikilvægustu mótin þegar miðað er á árangur á stórum alþjóðlegum mótum, Ólympíuleika og slíkt.

Þó að aðgengi að aðstöðu um landið sé fyrir hendi vantar flestum íþróttafélögum búnað fyrir byrjendur og til þess að mæta þörfum afreksfólks innan þeirra vébanda.

Langtímamarkmiðið er að afreksfólk, afreksefni og þjálfarar hafi aðgang að þjóðarleikvangi þar sem hægt er að æfa á öllum helstu keppnisvegalengdum og halda stór alþjóðleg mót.

Iðkendur

Staða - Iðkendur

Hlutfallslega eru fleiri iðkendur og meiri þátttaka á mótum í bogfimi á Íslandi en hjá öðrum þjóðum miðað við höfðatölu. Sem dæmi á norðurlöndum: Danmörk 0,6 á hverja 1000 íbúa, Finnland 0,5 á 1000, Ísland 1,9 á 1000, Noregur 0,7 á 1000 og Svíþjóð 1 á 1000 íbúa.

Árið 2013 voru 10 iðkendur skráðir í bogfimi í tölfræði ÍSÍ, en árið 2018 voru 626 iðkendur skráðir (um 1 af 500 Íslendingum).

Hæsta getustig íþróttarinnar er opinn flokkur á Íslandsmeistaramótum í opnum flokki. 89 skráningar voru á Íslandsmeistaramótin 2019. 51 í karla og 38 í kvenna flokkum. Þátttaka á hæsta getustigi íþróttarinnar hefur almennt fylgt fjölda iðkenda og hefur verið um 5-10% af skráðum iðkendum í FELIX.

Stærsta ástæða þess að iðkendur halda ekki áfram er skortur á þjálfurum. Til þess að byggja upp afreksefni og afreksfólk þarf að bæta úr skorti á þjálfurum með þekkingu á Íslandi. Án iðkenda er stefnan ástæðulaus.

Markmið - Iðkendur

Það er ekki óraunhæft markmið að tvöfalda fjölda virkra iðkenda á næstu fjórum árum með virkri útbreiðslu, þjálfaramenntun og viðbót nýrra sambandsaðila. En slíkur hraði á vexti mun setja mikla spennu á íþróttina. Því er markmiðið 2020-2023 5-10% vöxtur á iðkendum árlega. 70% af þeim vexti verður í grasrótinni í U16 flokkum.

Afrek og hópar

Skilgreining á verkefnum

A landsliðsverkefni: HM/EM/EL/ÓL/HL/PL

B landsliðsverkefni: HM-/EM-/ÓL ungmenna, heimsbikarmót, Evrópubikarmót.

C landsliðsverkefni: NUM, EUYcup, Veronicas cup og önnur heimslista mót.

D verkefni: Íslensk stór mót (Íslandsmeistaramót opinn flokkur) og úrtökumót.

Skilgreiningin á afrekum

Afreksfólk á heimsmælikvarða:

Þeir sem vinna þátttökurétt á ÓL, EL eða HL. Keppandi í úrslitum á HM/EM og þeir sem eru í efstu 50 sætum á heimslista.

Afreksfólk:

Þeir sem uppfylla skilyrði til þess að geta unnið þátttökurétt á ÓL, EL eða HL. Þeir sem eru í topp 30% á heimslista. Þeir sem eru í topp 50% sæta á HM eða EM.

Afreksefni:

Eru keppendur í unglunga flokkum (á 13-20 ára) sem eru meðal efstu 50% í undankeppni í C verkefnum.

Afrekslið á heimsmælikvarða:

Eru lið í efstu 16 sætum á heimslista og lið sem komast í úrslit á HM/EM.

Afrekslið: Eru lið í 30% efstu sætum á heimslista.

Viðmiðið er að hafa náð viðeigandi viðmiði á síðustu 2 árum en staða allra er endurskoðuð árlega. Úrslit eru skilgreind sem 16 efstu einstaklingar eða lið.

Val í hæfileikamótun (talent development)

Hæsti keppandi í skori í undankeppni á síðasta Íslandsmóti utanhúss í U16, U18 og U21 í sveigboga og trissuboga fer í hóp hæfileikamótunar. Íþróttastjóra er heimilt að bæta við öðrum einstaklingum í hópinn. Markmið hæfileikamótunar er að koma fleiri í hóp afreksefna.

Val í landslið.

Byggist á reglum BFSÍ. Í stuttu máli byggist val í landsliðið á sæti í undankeppni í D verkefnum. Efstu 3 einstaklingar eru landsliðið.

Íþróttastjóri skipuleggur verkefni hópa.

Afreksstarf

Staða - afreksstarfs

Staðan á afreksstarfi er framar vonum miðað við stærð þjóðarinnar og stuttan tíma sem íþróttin hefur verið í vexti á Íslandi. Lærdómur hefur verið dreginn af mistökum erlendra bogfimisambanda og því passað að setja ekki reglur sem hamla náttúrulegum vexti íþróttarinnar og afreksfólks. Einkaaðilar hafa einnig spilað gífurlega stórt hlutverk í grasrótinni, uppbyggingu og viðhaldi núverandi afreksfólks og afreksefna.

BFSÍ á góða möguleika á því að vinna þátttökurétt á Evrópuleika í framtíðinni en vegna innkomu parakeppni á Ólympíuleikana hefur einstaklingsætum á ÓL fækkað töluvert.

Á árunum 2016-2019 komust 4 einstaklingar í 100 efstu á heimslista og sambærilegur fjöldi í 50 efstu í Evrópu. Ísland hélst meðal 25 efstu liða á heimslista í trissuboga kvenna og trissuboga parakeppni 2017. Trissuboga kvenna lið komst í úrslit á EM 2016 og heimsbikarmóti 2017. Í trissuboga parakeppni komst Ísland einnig í úrslit á heimsbikarmóti 2017. Engir einstaklingar komust í úrslit á HM/EM á tímabilinu en 2 trissuboga konur voru skammt frá því og enduðu í 17 sæti á EM 2016 og 2018. Ásamt fleiru.

Það er aðeins hægt að vinna stig á heimslista á alþjóðlegum stórmótum og því mikilvægt að taka þátt í þeim til að bæta stöðu Íslands innan íþróttarinnar.

Markmið - afreksstarfs

- 2020-2022 20% aukning á þátttöku iðkenda árlega á NUM og Íslandsmótum ungmenna. Grunnurinn verður að vera góður til að byggja upp nýja bylgju af afreksfólki sem geta náð hærri árangri en fyrri kynslóð.
- 2020-2022 Aukin áhersla á liðakeppni í opnum flokki.
- 2022-2023 að vinna þátttökurétt í 1 bogaflokki á Evrópuleika í Póllandi.
- 2021-2022 að vinna 1 af 2 mögulegum þátttökuréttum á ÓL ungmenna.
- 2023-2024 komast í lokakeppni um þátttökurétt á ÓL 2024.
- 2021 hefja reglulega þátttöku afreksefna á Evrópubikarmót ungmenna.
- 2020-2022 ná 20 verðlaunasætum á Norðurlandamóti ungmenna.
- 2020-2022 ná 2 verðlaunasætum á Evrópubikarmóti ungmenna.
- 2020-2022 komast í úrslit á EM eða HM í ungmenna og opnum fl.

Fjármögnun

Staða fjármögnunar

Staða Íslands alþjóðlega hrakaði á árunum 2017-19 sökum þess að afreksfólk hafði ekki efni á því að bera allan kostnað afrestsstarfs sambandsins sjálft. Það þarf að byggja upp fjármögnunar möguleika BFSÍ sem fyrst svo að núverandi afreksfólk og næsta kynslóð sjái sér greiða leið í að einbeita sér að æfingum og árangri frekar en fjármálum.

Áætlað er að heildarkostnaður landsliðsverkefna (móta) árið 2017 hafi verið um 5-7 milljónir og 2018 var það um 6-8 milljónir. Ekki eru til nákvæmar tölur þar sem ekkert fjármagn hefur verið fyrir hendi til að styðja afreksfólk. Til að koma á mótis við afreksfólkið var þeim boðið að bóka sín eigin flug og gistingar til að halda kostnaði þeirra við þátttöku í landsliðverkefnum í lágmarki.

Markmið fjármögnunar

Markmiðið er að afreksfólk og afreksefni í bogfimi þurfi að greiða 80% eða minna af heildarkostnaði móta árið 2022 úr eigin vasa og 70% eða minna 2024.

Leiðirnar til að ná því markmið eru meðal annars að:

1. Styðja við íþróttafélögin að nýta styrkjarmöguleika héraðssambanda og bæjarfélaga vegna afreksfólks innan þeirra vébanda
2. Halda mót sem eru sérstaklega gerð til að fjármagna ferðir landsliðs og fá þannig bogfimisamfélagið á Íslandi til að styrkja starfið.
3. Sækja um styrki í afrekssjóð ÍSÍ.
4. Samstarf við styrktaraðila.

Hægt er að sjá áætlað skipulag hvers árs í fjárhagsáætlun sambandsins sem gerð er af stjórn BFSÍ og samþykkt á bogfimiþingum.

Enginn einn liður mun geta fjármagnað afrestsstarfið í bogfimi, en með samvinnu allra liða og aðila er hægt að fjármagna að mestu eða öllu leiti kostnað landsliðsverkefna. Afganginn verður íþróttafólkið að fjármagna sjálft.